

FRAMTÍÐ KJALARNESS

Íbúáþing á Kjalarnesi

Laugardaginn 15. maí næstkomandi verður haldið íbúáþing í Fólkvangi á Kjalarnesi kl. 10:00- 12:30 þar sem fjallað verður um framtíð hverfisins.

Dagskrá:

- 10:00 - Ávarp, Marta Guðjónsdóttir formaður hverfisráðs Kjalarness
10:10 - Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri setur þingið
10:20 - Fulltrúar úr efstu sætum þeirra lista sem bjóða fram til næstu borgarstjórnarkosninga kynna sína framtíðarsýn varðandi Kjalarnes
11:00 - Málefnaþópar, valdir 4 hópar, 15 mínútur í hverjum hópi
12:15 - Samantekt, Ásgeir Harðarson formaður íbúasamtaka Kjalarness
12:30 - Þingslit, Þórir Ingþórsson varaformaður hverfisráðs Kjalarness

Á þingið mæta einnig fulltrúar frá öllum sviðum Reykjavíkurborgar

Kjalnesingar eru hvattir til að mæta og leggja sitt að mörkum við að móta framtíð Kjalarness

Hverfisráð Kjalarness og Íbúasamtök Kjalarness

Málefnaþópar:

1. Skipulagsmál:

Þróun íbúðabyggingdarárinnar og framtíðarsýn kringum Grundarhverfi, bátavör, göngu- og hjólaleiðir, reiðleiðir, almenningssamgöngur, Græni trefillinn og skipulag útivistar á Kjalarnesi. Menningartengd ferðaþjónusta, merking gönguleiða og merkra sögustaða á Kjalarnesi.

2. Sameining þjónustustofnana og þjónusta borgarinnar við Kjalarnesið:

Leikskólinn Berg, Klébergsskóli, íþróttamiðstöðin, frístundaheimilið og Fólkvangur. Þjónustuhlutverk Áhaldahússins, Miðgarðs og Klébergskjarnans við íbúana?

3. Grænt Kjalarnes:

Vistvæn hugsun í skólunum, samgöngum, garðrækt, útikennslustofa með útiþróttaaðstöðu og heilsutengt Kjalarnes í samstarfi við UMFK ásamt tengingu inn í skólana.

4. Börn og ungmenni:

Frístundaúrræði fyrir börn og ungmenni á Kjalarnesi. Hvað vilja þau sjálf hafa á staðnum? Hvaða frístundastarf er hægt að bjóða uppá á Kjalarnesi? Frístundastrætó?

5. Atvinnumál:

Með hvaða hætti er hægt að styðja við atvinnuuppbyggingu á svæðinu, efla þau fyrirtæki sem fyrir eru. Hvað er hægt að gera nýtt? Atvinnumál ungmenna á svæðinu. Munu þau þurfa að sækja atvinnu út fyrir hverfið eða verður vinnuskóli á svæðinu í sumar?